



Reykjavík, 24. apríl 2023
IER22110076

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsögn endurskoðunarfndar varðandi ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022

Inngangur.

Endurskoðunarfnd Reykjavíkurborgar (nefndin) hefur þrjú meginviðfangsefni sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

- vinnuferli við gerð reikningsskila.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- störfum ytri endurskoðenda.

Auk þessara viðfangsefna er nefndinni ætluð þau verkefni að :

- meta óhæði ytri endurskoðenda og hafa eftirlit með störfum þeirra.
- setja fram tillögu um val á ytri endurskoðendum og ráðningu innri endurskoðanda.

Viðfangsefni nefndarinnar lúta því að málum sem varða gerð og framsetningu fjárhagsupplýsinga til borgarstjórnar.

Um ársreikning 2022.

Vinna endurskoðunarfndar vegna eftirlits við gerð og endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hófst í október 2022 á því að nefndin fundaði með ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar, Grant Thornton endurskoðun ehf. (GT), þar sem farið var yfir endurskoðunaráætlun þeirra.

Nefndin gerði ytri endurskoðendum grein fyrir því sem hún metur helstu áhersluatriði og áhættuþætti í reikningsskilum Reykjavíkurborgar og eru nefndin og ytri endurskoðendur sammála um þessi atriði en þau eru tíunduð í endurskoðunarskýrslu GT.

Á því tímabili sem unnið hefur verið að endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hefur nefndin átt marga fundi og önnur samskipti við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar.

Ytri endurskoðendur komu á fund endurskoðunarfndar í dag þar sem þeir kynntu drög að endurskoðunarskýrslu og helstu niðurstöður af vinnu sinni. Í skýrslunni koma fram ábendingar athugasemdir sem endurskoðunarfnd telur mikilvægt að stjórnendur bregðist við og haldi endurskoðunarfnd upplýstri um viðbrögð sín.

Nefndin átti nokkra fundi með starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) Reykjavíkurborgar meðan unnið var að gerð ársreikningsins og fékk nefndin kynningu sviðsins á drögum að ársreikningi 2022 og greinargerðum með ársreikningi á fundi þann 3. þ.m.



Í greinargerðum fagsviða og sjóða A-hluta og skýrslu FAS er ítarleg umfjöllun um ársreikninginn og þar koma fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem nefndin vekur athygli á.

Ársreikningar og endurskoðunarskýrslur allra B-hluta félaganna hafa verið yfirlægðar að hálfu nefndarinnar og skilað skriflegri umsögn um þá til stjórna þeirra. Einnig fundaði nefndin sérstaklega með stjórnendum og ytri endurskoðendum við lok endurskoðunar, auk þess sem fundað var með stjórnnum flestra félaganna þar sem farið var yfir umsagnir.

Nefndin hefur átt gott samstarf við þá stjórnendur sem koma að ársreikningsgerð Reykjavíkurborgar og gerð ársreikninga B-hluta félaganna sem og hefur samstarf við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar gengið vel.


Nefndin leggur áherslu á að brugðist sé við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðenda en það er meðal reglubundinna verkefna hennar að fylgjast með því með hvaða hætti stjórnendur bregðast við ábendingum ytri endurskoðenda. Nefndin fylgist með framgangi vinnu vegna ábendinga ytri endurskoðenda með því að kalla formlega eftir skriflegum svörum og viðbrögðum stjórnenda í september ár hvert.

Í drögum að áritun óháðra endurskoðenda á ársreikning 2022 kemur fram það álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu borgarinnar 31. desember 2022 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu að hálfu borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar


Lárus Finnbogason, formaður